



Fundargerð

525. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 27. nóvember 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir var fjarverandi en í staðin sat fundinn Elín Heiða Valsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 15:32.

Fundargerðir:

1. 2511028 - Velferðarráð Skaftárhrepps

Lögð fram fundargerð 9. fundar Velferðarráðs frá 11. nóvember 2025. Sveitarstjórn tók sérstaklega til afgreiðslu dagskráliði fundargerðarinnar númer 11, 12, 14 og 15.

Lögð fram gjaldskrá fyrir Tónlistarskóla Skaftárhrepps, sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, framlagða gjaldskrá.

Lögð fram Gjaldskrá Íþróttamiðstövar, sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, framlagða gjaldskrá með áorðnum breytingum.

Lögð fram gjaldskrá leikskóladeildar, sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði framlagða gjaldskrá.

Lögð fram gjaldskrá mótuneytis grunnskóladeildar, sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði framlagða gjaldskrá.

Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. 2511019 - Kirkjubæjarstofa ses.

Fundargerð stjórnar Kirkjubæjarstofu frá 27. október 2025 ásamt ársreikningi 2024, lagt fram til kynningar.

3. 2511023 - Eldvilji ehf.

Fundargerð stjórnar Eldvilja ehf. frá 24. nóvember 2025 ásamt ársreikningi ársins 2024, lagt fram til kynningar.

Fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn lagði fram eftirfarandi bókun: Ég, Sveinn Jensson, fulltrúi XD og óháðra, óska eftir að sveitarstjórn taki til umfjöllunar stöðu Eldvilja ehf. með hliðsjón af fundargerð stjórnar félagsins frá 24. nóvember 2025 og fjárhagsstöðu þess. Samkvæmt ársreikningi Eldvilja ehf. 2024 skuldar félagið sveitarfélaginu 59 m.kr., og í september 2025 samþykkti sveitarstjórn nýtt neyðarlán til félagsins upp á 45 m.kr. Ekki virðist liggja fyrir formlegt samþykki sveitarstjórnar fyrir eldri lánveitingum frá 2023, og skuldir félagsins við sveitarfélagið eru nú orðnar um 104 m.kr. Jafnframt liggur fyrir

BHS
SH
GR 1
J.S



að framkvæmdir frá 2022 hafa haldið áfram án skýrrar, samþykkrar og sundurliðaðrar framkvæmdaáætlunar og að stjórn Eldvilja ehf. hefur ekki með fullnægjandi hætti fylgt eftir kostnaði, fjármögnun eða áhættum. Þá hefur skuld Kirkjubæjarstofu við Eldvilja ehf., sem myndaðist 2021–2022, ekki verið tekin formlega fyrir fyrir en nú, þrátt fyrir sameiginlega stjórnarmenn. Með vísan til þessa legg ég til að sveitarstjórn samþykki að framkvæmd verði óháð og heildstæð úttekt á fjárfestingum, framkvæmdum, eldri og nýrri lánveitingum, stjórnsýslu og skuldauppgjöri Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu fyrir árin 2020–2025.

Óskað er eftir að núverandi endurskoðandi sveitarfélagsins, KPMG, sinni þessari úttekt.

4. 2511016 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)
Fundargerð 629. fundar stjórnar SASS frá 22. október 2025, lögð fram til kynningar.
5. 2511012 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)
Þinggerð ársþings SASS sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri dagana 23 til 24. október 2025, lögð fram til kynningar.
6. 2511014 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. frá 24. október 2025, lögð fram til kynningar.
7. 2511015 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Fundargerð 249. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 4. nóvember 2025, lögð fram til kynningar.
8. 2511018 - Skógasafn
Fundargerð stjórnar Skógasafns frá 24. október 2025 ásamt fjárhagsáætlun ársins 2026, lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði, framlagða fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.
9. 2511013 - Markaðsstofa Suðurlands
Fundargerð 3. stjórnarfundar Markaðsstofu Suðurlands frá 10. nóvember 2025, lögð fram til kynningar.
10. 2511017 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
Fundargerð 84. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 27. ágúst 2025, lögð fram til kynningar.

BHS
GHS
2
J S



11. 2511009 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
Fundargerð 85. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 24. september 2025, lögð fram til kynningar.
12. 2511021 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Fundargerð 94. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu frá 28. október 2025 ásamt fjárhagsáætlun ársins 2026 lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði, framlagða fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.
13. 2511025 - Almennavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Fundargerð 6. fundar Almennavarnarnefndar frá 25. september 2025, lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn tók fjórða (4) dagskrárlið fundargerðarinnar, fjárhagsáætlun 2026 til umfjöllunar. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, framlagða fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

14. 2511020 - EP Power Minerals Iceland ehf.
Oddviti lagði fram bréf frá Eflu fyrir hönd EP Power Minerals Iceland ehf. dagsett 14. nóvember 2025, ásamt skipulagslýsingu vegna hafnarframkvæmda við Alviðruhamra. Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043. Gerð verður breyting á landbúnaðarsvæði og því breytt í hafnarsvæði, með heimild til hafnargerðar, varnargarða og bygginga sem tengjast notkun hafnarinnar og verkefninu. Skipulagslýsingin nær einnig til deiliskipulags þar sem gert verður nánar grein fyrir framkvæmdum. Til stendur að gera nýja bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Gert er ráð fyrir langri og mjórri rörabryggju sem nær 2 km. út í sjó og um 200 m. löngum viðlegukanti við enda hennar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps vísar málinu til Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps til umfjöllunar og afgreiðslu.
15. 2511022 - Landeldi lóða umsókn
Oddviti lagði fram bréf dagsett 31. október 2025 frá Ásgeiri Erni Hlöðverssyni fyrir hönd aðila sem óska eftir lóð á Reit C, Stjórnarsandi sem er 90.000 fm lóð sem Skaftárhreppur á. Hugmyndin er á lóðinni verði starfrækt bleikjueldi, með ársframleiðslu allt að 5.000 tonnum. Borað verður eftir köldu vatni á Reit C á næstu vikum, til handa landeldinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps vísar málinu til Skipulags- umhverfisráðs Skaftárhrepps til umfjöllunar og afgreiðslu.

BHS JS
Shi. EHV
GM 3



16. 2511008 - Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps

Oddviti lagði fram bréf frá Kvenfélagi Kirkjubæjarhrepps, dagsett 31. október 2025 vegna geymslu félagsins í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Meirihluti sveitarstjórnar finnst það miður ef það er upplifun Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps að eigur félagsins hafi verið meðhöndlaðar sem rusl. Meirihluti biðst afsökunar á þeim mistökum sem gerð voru við tæmingi á þeim geymslurýmum sem voru á 2 hæð félagsheimilisins. En rétt er að geta þess skv. upplýsingum frá forstöðumanni Eignarsjóðs var formaður kvenfélagsins viðstödd þegar farið var í gegnum eigur félagsins. Meiri hluti sveitarstjórnar vill jafnframt taka fram að efri hæð Félagsheimilisins Kirkjuhvals er ekki nothæf til geymslu vegna raka og fúkka, til stendur að hreinsa út úr efrihæð til að reyna að koma í veg fyrir frekari skemmdir á húsnæðinu. Ennfremur vill meirihluti sveitarstjórnar taka fram að ekki stendur til að geymsluaðstaða verði í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli fyrir þau fjölmörgu félagasamtök sem eru starfandi innan Skaftárhrepps. Meirihluti sveitarstjórnar vill taka fram að Félagsheimilið Kirkjuhvoll, mun verða þannig útbúið að það eigi sjálft tækjabúnað, leirtau og annan borðbúnað.

Fulltrúi minnihluti sveitarstjórnar lagði fram eftirfarandi mókun: Ég, Sveinn Jensson, fulltrúi XD og óháðra, harna hvernig staðið var að tæmingu geymslu Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps sem og annarra félaga. Eftir að hafa sjálfur kannað málið og rætt við fulltrúa Kvenfélagsins sem og Hestamannafélagsins Kóps er ljóst að ferlið var í verulegri þversögn: félagasamtökunum var einungis tilkynnt eftir á að eigur þeirra hefðu verið færðar að hluta til, og gengið var inn í læsta skápa án nokkurs samráðs eða fyrirvara.

Slíkt verklag stenst ekki þær grunnkröfur um samskipti, traust og virðingu sem sveitarfélag á að sýna félagasamtökum sem hafa í áratugi unnið óeigingjarnt starf fyrir samfélagið og lagt meðal annars til verulegt framlag í félagsheimilið. Þetta vegur sérstaklega þungt í ljósi þess að meirihlutinn leggur í orði áherslu á gildi íþróttar-, æskulýðs- og félagsstarfs, en aðgerðin hér er snautleg gagnvart þessum sömu félögum.

Ég tel nauðsynlegt að sveitarfélagið tryggi félagasamtökum viðunandi og örugga geymsluaðstöðu, bæði til bráðabirgða og til lengri tíma, og að farið sé yfir verkferla til að tryggja að sambærilegt brot á samráði endurtaki sig ekki. Að lokum óska ég eftir skýrum upplýsingum frá sveitarstjóra um boðskipti og ákvörðunarferli varðandi tæmingu skápanna og samráðs við félögin, enda er starfsmaður eignarsjóðs undirmaður sveitarstjóra og sveitarstjórn á rétt á gagnsæi í slíkum málum.

BTTs
Shi
GPI 4
EHL
J.G



17. 2511026 - Leigufélagið Bríet

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði hann fram drög af viljayfirlýsingu um uppbyggingu á leiguíbúðum í Skaftárhreppi. Með yfirlýsingu þessari lýsa aðilar sig reiðubúna til að kosta og tryggja neðangreinda þætti. Í kjölfar undirritunar yfirlýsingar þessarar mun Leigufélagið Bríet festa kaup á eigninni Skaftárvellir 26D sem er fullbúin íbúð þegar í útleigu. Samhliða mun Skaftárhreppur leggja inn eignina Skaftárvellir 26E inn í Leigufélagið Bríeti í svokallað yfirtökuverkefni. Leigufélagið Bríet og Skaftárhreppur lýsa einnig yfir vilja til þess að taka upp samtal um frekari uppbyggingu leiguhúsnæðis á Kirkjubæjarlaustri. Skaftárhreppur mun tryggja aðgengi að hagkvæmum lóðum vegna þeirrar íbúðauppbyggingar sem fyrirhuguð er. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði, framlagða viljayfirlýsingu og felur sveitarstjóra að undirrita hana fyrir hönd sveitarfélagsins.

18. 2511010 - Náttúrustofa Suðausturlands

Oddviti lagði fram viðauka við samning milli Skaftárhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjörður annars vegar og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis hins vegar um rekstur Náttúrustofu Suðausturlands. Með framlögðum viðauka er núverandi samningur framlengdur um eitt ár. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði, framlagðan viðauka fyrir sitt leiti.

19. 2511024 - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélag

Oddviti lagði fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsett, 16. október 2025. Bréfið lagt fram til kynningar.

Fulltrúi minnihlutans lagði fram eftirfarandi bókun: Ég, Sveinn Jensson, fulltrúi XD og óháðra, vísa til bréfs Eftirlitsnefndar sveitarfélaga frá 16. október 2025, þar sem fram kemur að rekstur A-hluta Skaftárhrepps árið 2024 hafi verið neikvæður og framlegð undir lágmarksviðmiði.

Þetta staðfestir það sem minnihlutinn hefur ítrekað bent á: að skort hafi á aðhald, reglubundnu fjárhagslegu eftirliti og gagnsæi í fjármálastjórn sveitarfélagsins. Það að treysta á tímabundna undanþágu frá jafnvægisreglu getur ekki talist til ábyrgra vinnubragða.

Á þessum tímapunkti er sérstaklega mikilvægt að greina með markvissum hætti hvaða breytingar urðu á forsendum rekstrar, hvaðan frávik spretta og hvernig brugðist verður við þeim í raun. Það er forsenda þess að endurheimta traust og taka upplýstar ákvarðanir um framtíðarskuldbindingar sveitarfélagsins.

20. 2511011 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Oddviti lagði fram samantekt vegna ársþings SASS sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri dagana 23 til 24. október 2025. Samantektin lögð fram til kynningar.

BHS JS
SHI - EHL
GS 5



21. 2511029 - Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152

Oddviti lagði fram umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152. Sveitarstjórn samþykkti framlagða umsögn með rafrænum hætti á milli funda sinna og hefur hún þegar verið send Alþingi. Oddviti greindi frá því að hann hefði verið boðaður á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, föstudaginn 28. nóvember 2025.

22. 2511030 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Oddviti gerði grein fyrir málinu og lagði fram samning um atvinnu- og byggðaðróun á starfssvæði samstarfsaðila, milli SASS og Skaftárhrepps. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

23. 2510026 - Leit að heitu vatni

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Oddviti lagði til að einkahlutafélagið, sem hefði það meginmarkmið að leita eftir heitu vatni fengi heitið Skaftárorka og yrði B-deildar félag Skaftárhrepps, var tillaga oddvita samþykkt í einu hljóði. Oddviti lagði til að í stjórn félagsins yrðu kosin Jóhannes Gissurarson, formaður, Auður Eypórsdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir og að framkvæmdastjóri yrði Einar Kristján Jónsson, var tillaga oddvita samþykkt SHJ sat hjá við kosningu í stjórn.

24. 2511027 - Fjárhagsáætlun áráanna 2026, 2027, 2028 og 2029 fyrri umræða

Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2026 og fjárhagsáætlun áráanna 2027, 2028 og 2029. Jafnframt kynnti sveitarstjóri fjárhagsáætlánirnar. Farið var yfir rekstur málaflókka, Eignarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að vísa fjárhagsáætlun áráanna 2026, 2027, 2028 og 2029 til síðari umræðu.

Fundargerð yfirlesin,
fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 19:00


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmundsson


Elín Heiða Valsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson